
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson (Svar på replik)

Tvímælalaust. Norðurlöndin eru, held ég, þegar orðin fyrirmynd í þessari þróun og geta orðið það enn meira en þegar er orðið. Lykillinn að því er, eins og ég nefndi í ræðunni, að við birtumst í auknum mæli út á við sem ein heild, það er að segja að við nýtum þann styrk sem þetta vörumerki, Norden, hefur nú þegar öðlast og nýtum hann til þess að hafa góð áhrif annars staðar. Það er litið til þessara landa sem fyrirmyndar á svo mörgum sviðum en ef við förum að birtast í auknum mæli á þann hátt að hér í öllum þessum löndum sé sambærileg nálgun að skila sér, sambærileg gildi að bera árangur, þá verður úr því meira en summa partanna. Það hefur til dæmis verið nefnt í tengslum við þessar hugmyndir um aukið samstarf Norðurlandanna og jafnvel hugmyndir um sambandsríki að slíkt ríki væri tíunda stærsta hagkerfi heims. Ef menn fara að líta til Norðurlandanna sem einnar heildar er það stór heild og heild sem hefur náð meiri árangri á mörgum sviðum, meðal annars í því sem spurt er um hér, en flestar aðrar heildir í heiminum, hvort sem litið er til landa eða sambanda þeirra.

Svarið er því: Já, ég held við séum þegar fyrirmynd á þessu sviði en það að birtast í auknum mæli út á við sem ein heild mun styrkja okkur enn og gera okkur betur kleift að láta gott af okkur leiða.

Skandinavisk oversættelse

Uden tvivl. Norden er allerede, tror jeg, blevet et forbillede i denne udvikling og kan blive det i endnu højere grad end det nu er tilfældet. Nøglen til det er, som jeg nævnte i mit indlæg, at vi optræder i højere grad samlet udadtil,

det vil sige at vi udnytter den styrke, som der allerede er opnået med varemærket Norden, og udnytter den til at fremme en positiv udvikling andre steder. Vores lande opfattes af omverdenen som et forbillede på mange områder, og hvis vi i alle landene optræder i højere grad samlet, vil tilsvarende approach skabe resultater, så vil tilsvarende værdier skabe resultater, og så opstår der en merværdi. Man har for eksempel nævnt i forbindelse med idéerne om et øget samarbejde mellem de nordiske lande og endda tanker om en forbundsstat, så ville sådan en stat udgøre verdens tiende største økonomi. Begynder man at opfatte Norden som en helhed, så er der tale om en stor helhed; en helhed, der har opnået større resultater på mange områder, blandt andet med det, som der her bliver spurgt om, end de fleste andre helheder i verden, hvad enten man ser på de enkelte lande eller forbund af lande.

Svaret er derfor: Ja, jeg tror at vi allerede nu er et forbillede på dette område, men ved at optræde i højere grad samlet udadtil kan vi øge vores styrke yderligere og dermed være i stand til at fremme en positiv udvikling.

Information

Talenummer
7
Type

Svar på replik

Person

[Sigmundur Davíð Gunnlaugsson](#)

Talerrolle

Islands statsminister

Dato

28.10.14 17:02